

14. fundur Ungmennaráðs Norðurbings

Haldinn 27. febrúar 2024 og fundað í stjórnsýsluhúsinu á Húsavík kl. 20:00

Mætt eru: Bergdís Björk, Hrefna Björk og Hreinn Kári

Hafrún Olgeirsdóttir íþróttá- og tómstundafulltrúi sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Yfirferð á nýjum Samþykktum ungmennaráðs

Fyrir Ungmennaráði liggja nýjar Samþykktir um ungmennaráð sem samþykktar voru í fjölskylduráði og í sveitarstjórn í janúar 2024.

Bókun fundar: Íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir Samþykktir um ungmennaráð og starfsemi ráðsins.

2. Kosning formanns, varaformanns og ritara

Fyrir ungmennaráði liggur að kjósa í hlutverk ráðsins:

Bókun fundar: Ungmennaráð samþykkir samhljóða að hlutverkin verði eftirfarandi:

Formaður verði Bergdís Björk Jóhannsdóttir

Varaformaður verði Hrefna Björk Hauksdóttir

Ritari verði Hreinn Kári Ólafsson.

3. Félagsmiðstöð/uppbygging á frístundahúsnæði

Til umræðu var aðstaða ungmenna fyrir frístund og félagsmiðstöð í sveitarfélaginu

Ungmennaráð fagnar því að félagsmiðstöð sé tekin aftur til starfa á Húsavík og að fyrirhuguð sé uppbygging á framtíðarhúsnæði við Borgarhólsskóla sem mun koma til með að hýsa félagsmiðstöð og frístund.

4. Önnur mál

Íþróttahöllin á Húsavík

Ráðið ræddi um brýna þörf á nýju gólfi og stúku í íþróttahöllina. Þau vilja setja það í forgang að skipta um það.

Gervigras

Ungmennaráð ítrekar það sem hefur áður komið fram í fundargerðum ráðsins að mikilvægt sé að ráðast í nauðsynlegar endurbætu á gervigrasi á Húsavík.

Starfsmannahald á íþróttavelli

Fulltrúar ungmennaráðs velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að hafa starfsmann með fasta viðveru í vallarhúsinu á Húsavík sem að hefur umsjón og sér um þrif. Mikið af börnum eru þarna daglega án eftirlits. Þau vekja sérstaka athygli á nauðsyn þess yfir sumartímann.

Klefar í íþróttahöll

Hreinn Kári veltir því upp hvort blakdeild Völsungs geti fengið afnot af öðrum litlu klefunum í íþróttahöllinni og fái heimild til að gera að sínum að einhverju leyti með því að hengja upp myndir og númer leikmanna til dæmis.

Íþrótt- og tómstundafulltrúi hvatti Hrein til að koma þessari hugmynd áleiðis til stjórnar blakdeildarinnar sem gæti í framhaldinu sent inn erindi.

Mærudagar á Húsavík

Þau vilja ekki sjá miklar breytingar á mærudögum og vilja halda í kvöldagskrá um mærudaga. Þau eru samt sem áður mjög spennt samt yfir því að færa hátíðana aftur í gamla horfið þar sem er mikið af minni viðburðum á dreifðari tíma. Til dæmis með hverfahittingum, strandblaksmóti og fleiri minni viðburðum víðs vegar um bæinn sem að jafnvel myndi dreifast á alla vikuna á undan mærudögum.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið: 21:10